

**3220. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
14. september 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1701009 - Fundargerðir 2017 - menningar- og safnanefnd**

43. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 17. júní 2017.  
44. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 23. ágúst 2017

*Fundargerðirnar lagðar fram.*

**2. 1709070 - Afmælisgjöf til FVA**

Fjölbrautarskóli Vesturlands á 40 ára starfsafmæli 12. september 2017.

*Bæjarráð óskar Fjölbrautarskóla Vesturlands innilega til hamingju með afmælið.*

*Bæjarráð samþykkir að veita skólanum peningagjöf að fjárhæð kr. 500.000 til uppbyggingar á tölvuveri í tilefni af 40 ára starfsafmæli stofnunarinnar.*

*Fjármunum vegna þessa, verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

**3. 1702004 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2017**

Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2017.

Þorgeir Jónsson fjármálastjóri, Andrés Ólafsson verkefnastjóri og Sigmundur Ámundason deildarstjóri bókhaldsdeildar sitja fundinn undir þessum lið.


*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2017 og vísar honum til samþykktar í bæjarstjórn.*

**4. 1701128 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2017**

Sex mánaða árshlutauppgjör lagt fram.

Þorgeir Jónsson fjármálastjóri, Andrés Ólafsson verkefnastjóri og Sigmundur Ámundason deildarstjóri bókhalds taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Lagt fram.*

Handwritten signature and initials in blue ink, likely belonging to the chairperson or a member of the council.

**5. 1709069 - Opið bókhald og stjórnendamælaborð**

Minnisblað fjármálastjóra vegna upptöku á kerfi er varðar "Opið bókhald" og stjórnendamælaborð hjá Akraneskaupstað.

Þorgeir Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við KPMG um kaup á lausn varðandi "Opið bókhald" og stjórnendamælaborð.*

*Fjármunum vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 3.781.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4660.*

**6. 1703067 - Tækjakaupasjóður - umsókn Tónlistarskólans**

Umsókn frá Tónlistarskólanum í tækjakaupasjóð um kaup á Ipad tækjum fyrir skólann.

*Bæjarráð samþykkir að uppfærður verði tækjabúnaður til kennslu í Tónlistarskólanum á Akranesi. Fjármunum vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 1.798.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4660.*

**7. 1709066 - Gjaldskrá Tónlistarskólans á Akranesi (breyting)**

Tillaga að nýrri gjaldskrá Tónlistarskólans á Akranesi fyrir árið 2017. Fyrir liggur minnisblað skólastjórans um helstu breytingar.

*Bæjarráð samþykkir nýja gjaldskrá fyrir Tónlistarskóla Akraness sem felur fyrst og fremst í sér uppfærslu til samræmis við nýjungar í þjónustutilboðum við skólann.*

**8. 1511324 - Höfði - lífeyrisskuldbindingar**

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila.

*Bæjarráðs samþykkir fyrirliggjandi uppgjör á lífeyrisskuldbindingum Höfða en felur bæjarstjóra að koma á framfæri tillögu að breytingu á orðalagi bókuar sem er fylgiskjal uppgjörssamkomulagsins.*

*Bæjarráðs vísar samþykktinni til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.*

**9. 1708194 - Baugalundur 9 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Birkis Guðjónsonar um byggingarlóð að Baugalundi 9. Umsóknargjald hefur verið greitt og er því umsóknin tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnarinnar að Baugalundi 9 til umsækjanda.*

**10. 1709062 - Bárugata 19 - rekstur gististaðar**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar um beiðni Þinghamars ehf kt.500310-1110 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, sem reka á að Bárugötu 19 n.h., 300 Akranesi.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina með fyrirvara um jákvæðar umsagnir byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.*

**11. 1709060 - Dularfulla búðin - athugasemd við rekstur**

Athugasemdir við rekstur á Dularfullu búðinni frá nágrönnum húsnæðis þess.  
*Bæjarráð felur bæjarstjóra að fylgja erindinu eftir.*

**12. 1709050 - SSV - haustþing 2017**

Haustþing SSV verður haldið þann 11. október næstkomandi á Gamla Kaupfélaginu á Akranesi. Dagskrá hefst kl. 9:30 og er áætlað að þingið standi yfir til kl. 17:30.  
*Lagt fram.*

**13. 1709024 - Fiskistofa - tilkynningar**

Tilkynning frá Fiskistofu um aflaheimildir 2017-2018.  
*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:10.**

1. *Ólafur Halldórsson*  
*Ólafur Halldórsson*  
*Frjósýng Hauadóttir*  
*Rannsóknarnefndin*  
*Vilborg P. Guðbjartsd.*  
*Samir Freyr Sveinsson*  
*Samir Halldórsson*